




Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBOND VIÐ ADRAR STJÖRNUR 10. ARG. 47. TBL. JUNÍ 1984



Þegar „efnið“ fer að hugsa, stigur það ennþá merkilegra
spor fram á leið en þegar það for að lifa *Helgi Pjeturss*

Bjöllupokan fagra

(Sjá forsiðumynd)

Víða um vetrarbraut okkar má finna hringpokur svo-kallaðar, en þær hafa orðið til við það, að sólstjarna hefur varpað af sér ystu efnislögunum í feikna sprengingu, og heldur þessi þokumökkur þá áfram að þenjast út með feikna hraða í allar áttir. Slíkar stjörnuþyrpingar eru kallaðar **nóvur** (nýstirni) þegar þær sjást og eru alltiðar innan vetrarbrautarinnar.

Í sumum af þessum hringpokum miðjum, má sjá litla daufa stjörnu. Er þar um að ræða leifar eða kjarna stjörnuunnar, sem sprungið hefur. Eru þessir sýnilegu stjörnukjarnar ákaflega þungir í sér og komið hefur í ljós að stjörnur þessar snúast um sjálfar sig með feiknarlegum hraða, jafnvel svo, að hver snúningur nemur aðeins broti úr sekúndu. Þær senda og frá sér snöggar og reglubundnar útvarpsbylgjur, og er álitíð, að tíðni þeirra sé í samræmi við snúningshraðann. Slíkar stjörnur eru kallaðar tífstjörnur.

Myndin á forsiðu sýnir **Bjöllupokuna** (M-27), en það er hringpoka ein mikil í stjörnumerkinu Litlaref (Vulpecula), sem sjá má héðan hátt á himni rétt hjá stjörnunni Albireo í Svansmerkinu. Í stjörnusjám má sjá þessa þoku sem grænleitan þokublett, svo stóran að nemur fjórða hluta af þvermáli tunglsins.

Þetta er ein af þeim hringpokum sem auðveldast er að koma auga á í litlum sjónaukum, enda er hún það björt, að hún hefur sýndarbirtuna 6,7 stig og því áhugavert að skoða hana í litlum sjónauka. Til samanburðar um skoðunarmöguleika má geta þess, að með berum augum má sjá stjörnur allt niður í 6. birtustig.

Ingvar Agnarsson.

Myndin er fengin úr Astronomy, útg. Natural Library.

Þorbjörn Ásgeirsson:

Blikið

Höfundurinn gerir grein fyrir rannsóknnum og hugmyndum ýmissa aðila í sambandi við útgeislun, orkusvið eða líforku, sem umlykur lifandi verur, og sumum auðnast að sjá með berum augum. Í framhaldi af kenningum dr. Helga Pjeturss um eðli drauma og reynslu annarra af svipuðum fyrirbærum, lýsir Þorbjörn síðan í hnotskurn kenningu sinni um „lífeindirnar“.

Tilgangur minn með þessum línunum er að vekja athygli á efnategund einni, sem segja má að sé óþekkt, en hefur þó meira til ágætis síns en flesta grunar. Þetta einkennilega efni hefur fylgt lífríki jarðar alla tíð og umlykur allar lifandi verur með geislum sínum eða „bliki“. Skynnæmir menn sjá þetta ljós umlykja mannveruna í mismunandi litum, og virðist það fara eftir skapgerð og heilsu manna á hvern hátt það birtist og hvort litirnir eru daufir eða sterkir. Við dauða líkamans virðist þetta ljós hverfa, að mestu leyti.

Ef menn þekktu og gerðu sér grein fyrir eiginleikum þessa efnis yrði það til að stórbæta velferð og allt viðhorf mannsins, – svo stórkostlegir eru eiginleikar þessa efnis. Einnig er sennilegt, að það gæti haft afdrifarík áhrif á veðurfar, gróður og önnur lífríki jarðarinnar. Hafi einhver efnategund slík áhrif hlýtur hún samkvæmt efnafræðilegum rökum að hafa óendanlega geymd og orkumynstur. Hún hlýtur líka að hafa ríka eiginleika til lífmögnunar og geta borist hnatta á milli: hún hlýtur því að hafa ríka tilhneigingu til að leita uppi annað efni og framleiða sig í því.

Það er ekki óhugsandi að framangreint efni hafi þessa eiginleika. Í bókinni „Nýall“ eftir dr. Helga Pjeturss er sagt frá rússneskum manni, sem tekist hefur að leiða orku,

sem mannsheilinn gefur frá sér, eftir koparþræði og safnað á yfirborð á pappírsblaði, síðan leitaðist það við að framleiða sig í öðrum heila samsvarandi útstreymi sínu. Liðnir eru áratugir síðan maður þessi, dr. Naum Kotik, gerði þessa tilraun.

Eftir að Kirlian fann upp tækni til að ljósmynda „blikid“, þá fyrst kom veruleg hreyfing hjá austrænum vísindamönnum að kanna þetta fyrirbrigði. Þar á meðal voru tékkneskir vísindamenn í Prag, sem fundu efni, sem þeir nefna „Mention“, en það á að hafa þá eiginleika að fara hraðar en ljósið og hvaða efni sem rannsókn nái til, líkt og engin fyrirstaða væri fyrir hendi. Prófessor Frantisek Kahuda telur, að þessi efnisögn geti verið undirstaða þeirra fyrirbæra, sem kölluð hafa verið sálræn fyrirbæri.

Rússnesk stjórnvöld virðast vera mun áhugasamari fyrir þessari grein vísinda en stjórnvöld vestrænna ríkja.

Í tímaritinu „Lífgeislar“ skrifar Ævar Jóhannesson grein í 39. tbl. 8. árgangs 1982, sem ber yfirskriftina: „Hvað er það sem kemur fram á Kirilianmyndunum?“ Þar minnst hann á „draugafyrirbæri“, þar sem teknar eru myndir af afskornu laufblaði með ljósmyndataekni Kirlians. Þar sést greinilega mynstur þess hluta blaðsins, sem skorin hafi verið af. Síðan segir hann á bls. 113: „Svona myndir hafa verið teknar í Rússlandi, en hér á Vesturlöndum hefur gengið erfiðlega að fá fyrirbærið staðfest þó einstakir aðilar fullyrði að þeir hafi náð svona myndum“.

Á bls. 115 skrifar hann: „Rússar hafa sjálfir sett fram þá kenningu að umhverfis lifandi vefi sé orkusvið sem þeir nefna bioplasma-svið og sé það samsett úr orkusveipum, sem menn hafa ekki enn náð að greina. Tilgáta þeirra er að bioplasma-sviðið sé þannig eins konar mynstur, sem raf-eindirnar leita eftir við Kirlian-myndatöku og komi þannig tiltölulega nákvæm eftirlíking af bioplasmasviðinu fram á filmunni. Fyrri hluti orðsins „bio“ merkir líf. „Plasma“ merkir eiginlega fjórða ástand efnis og fjallar verulegur hluti nútíma eðlisfræði um það. Efnið getur verið fast, fljótandi og loftkennt, en einnig í þessu svonefnda „plasma“-ástandi. Plasma ástand efnis næst hins vegar ekki nema við mikinn hita, en í því ástandi hafa efni allt aðra eiginleika en í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi.

Kenning Sovétmanna er eiginlega sú, að hluti atóma lifandi vefi sé í þessu „plasma-ástandi og gefi því frá sér útgeislun þá, sem fram kemur í Kirliansmyndum. Samkvæmt þessari tilgátu er ekkert dulrænt við þessi fyrirbæri“.

Samkvæmt framangreindu hefur þessi orka aðra tíðni en það sem þekkist í dag. En hún hefur einhvers konar ljósorku, sem hefur sömu eigindir og ljóseindin. Hún virðist geta borið með sér boð á milli staða og virðist ekki skipta neinu máli hver fjarlægðin er, – hún nær áfangastað (skynnæmra manna) skjótar en ljóshraði. Þessi líforka umvefur lífverur og breiðir úr sér í allar áttir, umvefur allt og alla sem á jörðinni eru með mismunandi mikilli orku. Samkvæmt eðli sínu hlýtur hún að halda áfram, lætur ekki staðar numið við jörðina, heldur þýtur áfram út í hinn óþekkta heim, þar sem aðrar lífverur taka á móti og gefa frá sér.

Þannig er sennilegt, að alheimur tengist lífverum sínum. Að lífverur á einum hnetti nái sambandi við aðrar lífverur á öðrum hnöttum með mismunandi miklu orkumagni, sem hefur mismunandi mikil áhrif eftir eðli og hugsun verunnar.

Nú er gild ástæða til að ætla að „blikid“ hljóti að vera gert úr sama efni og mynstri eins og það efni og sú hugsun sem lífveran hefur, sem gefur geislunina frá sér, annars gætu ekki komið fram á litrófi árunnar breytilegir litir samsvarandi líkamseinkennum og andlegum tilfinningum lífverunnar. Þá hlýtur niðurröðunin á mynstrinu í „árunni“ að vera raðir örsmárra orkuagna, sem vel má nefna „líf-eindir“. Þá liggur beinast við að gera ráð fyrir að „líf-eindin“ sé sá tengiliður sem vantað hefur á óbrúað svæði milli andlega og veraldlega heimsins.

Þessar framangreindu tilgátur renna, – svo ekki verður um villst – stoðum undir kenningar dr. Helga Pjeturss og þá sérstaklega draumkenninguna: „Að draumur eins sé ávallt upplifun annars“. Dr. Helgi Pjeturss skrifaði oft að „draumarnir komi oftast frá stjörnunum“. Mörgum hefur þótt það ólíklegt þó ekki sé meira sagt, en nú virðist samkvæmt framansögðu að líkurnar aukist til muna að hann (dr. Helgi Pjeturss) hafi verið á réttri leið með sína draumkenningu. Þarna eru fundin tengslin sem „lífgeislinn“ ber í sér og þarf til að slík sambönd geti gerst.

Hver „lífeind“ hlýtur að hafa ákveðnu hlutverki að gegna, hún ber með sér ákveðna eiginleika, með öðrum orðum, hún hefur fóligna í sér tiltekna heimild, sem er skráð á efnafræðilegu táknmáli. Á annan hátt er ómögulegt að lífeindirnar geti myndað mynstur með mismunandi táknmáli, sem þær hljóta að gera, því litir árunnar eru breytilegir eftir tilfinningum lífverunnar.

Af þessu má ráða, að öll fyrirbæri sem teljast til dulrænu byggjast á lykilheimildum „lífeindarinnar“ og eiginleikum hennar – að vilja framleiða sig í öðru efni – en það nefnir Helgi Pjeturss „íleiðslulögmál“. Lögmál þetta felur í sér, að hugsun, tilfinning og sjónskynjun eins manns (einstaklings) leitast við að birtast hjá öðrum einstaklingi, með öðrum orðum að skapa eigin skynjanir í heila, þannig að meðvitund eins kemur fram í meðvitund annars og samlagast henni að hluta. Þessu til skýringar má benda á frásögn á bls. 140 í „Nýal“.

„Sú var ein tilraun Baretts (þekktur enskur eðlisfræðingur) að hann dáleiddi stúlkubarn. Hún fann ekki til svo séð yrði, þó að stungið væri í hana nál eða hleypt á rafstraumi nokkuð sterkum. Eigin skynjun hinnar dáleiddu virtist lítil sem engin. En þegar Barrett lét upp í sig salt, sagði hún: „Nú eruð þér að láta salt upp í mig“, og á sömu leið fór þegar Barrett lét upp í sig pipar, sinnep, o. s. frv. En dáleidda stúlkun virtist ekki verða vör við þó þessi bragðmiklu efni væru látin á hennar eigin tungu. Önnur tilraun Baretts var að bregða hendinni í loga og brenna sig lítið eitt. Dáleidda stúlkun sneri baki að honum og var til enn frekari varúðar bundið fyrir augun á henni. Þegar Barrett kenndi sársaukans hrópaði telpan að hún hefði brennt sig á hendi og mátti sjá að hún fann til.“

Dáleiðsla, miðils- og svefnástand og einnig öll önnur skyggniáfa er án undantekninga lífsambönd, sem verða vegna íleiðslulögmálsins – þ. e. samstilling og mögnun frá samstilltari verum. Það er því slíkt samband sem hefur komist á, þegar maðurinn er kominn í það ástand, að honum finnst sem hann sé kominn út úr líkama sínum. Ég leyfi mér að vísa í grein í tímaritinu Gangleri, árg. 1980, eftir dr. Raynor D. Johnson og nefnist „Að fara úr líkamanum“. Þar

segir frá manni, sem var foringi í einni af véladeildum breska hersins:

„3. ágúst árið 1944 varð bíllinn, sem ég var í fyrir skoti frá Þjóðverjum og sprakk hann í loft upp. Sprengingin var svo öflug, að hún þeytti mér yfir tveggja metra hátt limgerði og kastaði mér sjö metra frá bílnum. Fötin loguðu og fosfór loddi við hörundið og hélt áfram að brenna það. Ég var mjög hræddur og hélt jafnvel að ég væri kominn til heljar. En þá varð ég fyrir reynslu sem ég tel mjög óvenjulega. Ég fann að ég var tvær persónur: önnur lá á jörðinni þar sem ég hafði lent eftir sprenginguna, fót hennar loguðu og hún iðaði öll og æpti og stundi af sársauka. Ég fann að ég gaf þessi hljóð frá mér, jafnframt því sem mér fannst að þau kæmu frá einhverri annarri persónu. Hinn hlutinn af „mér“ sveif í loftinu í um það bil þriggja metra hæð frá jörðu og þaðan sá ég ekki aðeins þann hluta af „mér“ sem lá á jörðinni, heldur einnig limgerðið, veginn og bíllinn, sem logaði glatt. Ég man að ég sagði mjög greinilega við sjálfan mig „snúðu þér við og slökktu eldinn“ – og það gerði líkami minn, sem lá á jörðinni. Hann valt undir limgerðið, en þar var svolítill pollur. Eldurinn slokkaði og á þeirri stundu var ég aftur ein persóna“. Þarna kemur greinilega fram að foringinn var í sambandi við aðra persónu, sem sá atburðinn frá öðrum sjónarhóli heldur en hann. Óljóst gerði hann sér grein fyrir því að það var önnur vitund, sem sá atburðinn, en hann ályktaði rangt. Hann segir: „Mér fannst hljóðin koma frá annarri persónu, en hinn hlutann svífa í loftinu“.

Þessi skynjun var rétt, en ályktunin röng, að það væri hann sjálfur sem sá. Hann fékk svo sterkt samband við sambandsmanninn, að næstum öll sjálfsvitund hans var horfin meðan hann var í vitundarsambandi við annan mann og fannst honum hann þá vera að horfa á sjálfan sig.

Þegar slík fyrirbæri eða svipuð þessu eiga sér stað hér á jörðu, en ekki er hægt að heimfæra þau á jarðneskan sýngjafa, er skýringin sú sama en gerist með öðrum hætti. Sem dæmi um slíkt fyrirbæri vil ég segja frá flugslysi, sem gerðist eitt sinn hér á landi. Flugvél var týnd og enginn vissi um afdrif þeirra tveggja manna sem í vélinni voru. Þá kom fram skyggn kona, sem sagðist hafa séð flugvél uppi á

öræfum og tvo menn sem væru lifandi, sem síðar reyndist rétt. Þarna á staðnum var útilokað að nokkur hafi getað verið nema þessir tveir menn.

Hvernig gat konan séð þetta? Það eru tveir möguleikar fyrir hendi. Annar er sú að á öðrum hnetti hafi orðið sams konar slys og hún séð það með augum sýngjafans sem sá slysið. Hinn möguleikinn, sem ég tel vera líklegri, er óbeint sýngjafasamband. Til að átta sig betur á þeim möguleika tel ég betra að skipta draumgjafasambandiinu í þrjá þætti:

1. *Beint draumgjafasamband, sem ég hef skýrt áður.*
2. *Óbeint draumgjafasamband:* Þegar dreymandinn og sambandsgjafinn skynja sameiginlega það orkusamband, sem draumgjafinn er búinn að mynda með hjálp sambandsgjafa, orkusvið sem er fyrir utan líkama dreymanda.
3. Þegar áhrif frá hinum sofandi er yfirráðandi annars vegar og hins vegar þegar máttur eða áhrif draumgjafa er yfirráðandi. Þessi þáttur er *samantvinnaður* í tvo fyrrgreinda liði.

Þátt 2 ætla ég að skýra betur, hina þættina tel ég að þurfi ekki nánari skýringar við.

Þegar skynnæmari maðurinn slakar á öllum líkamanum, svo að allir vöðvar verða afslappaðir, þá finnst honum hann þrýstast niður í legubekkin eða stólinn sem hann e. t. v. situr á. Um það leyti byrjar mögnunin; þá hafa geislar frá samstilltari verum aukist og um leið fer sú skynnæmi að finna til léttleika. Geislunin frá samtandsverunni og honum sjálfum skapar þessa tilfinningu. „Lífeindirnar“ byrja að safna heimildum, senda vitneskjuna til baka, sem frumur líkamans taka á móti og senda síðan til heilans, sem les loks úr upplýsingunum. En maðurinn er það ófullkominn, að hann getur ekki að öllu leyti lesið úr þessu sjálfur, en þarf hjálp frá samstilltari verum, sem lesa úr meginþætti upplýsinganna, sem skynnæmi maðurinn fær. Eins og til dæmis þegar hann sér á milli bylja eða óralengdir, greinir sjúkdóma í líffærum manna eða sér flugvélaslys eins og að ofan greinir.

Þegar skynnæmur maður finnur þennan áður nefnda

léttleika, og því meiri sem þessi skynjun verður, þá minnkar líkamlega skynjunin (sbr. dáleiðslan áður nefnda); að sama skapi eykst hún utan hans, þar sem „líf eindirnar“ safna upplýsingum í og kringum orkusviðið, sem er alltaf að aukast utan líkamans. Þannig mætast straumarnir frá skynnæma manningum og samstilltari verunni, þangað til honum finnst hann vera utan við líkamann. Nú fara „líf eindirnar“ að samstillast enn betur og það byrjar að myndast sterkt orkusvið þarna, sem nútíma mælitæki gætu sennilega mælt. Þetta orkusvæði fer að senda upplýsingar til skynnæma mannsins, sem heili hans mun lesa takmarkað úr vegna ófullkomleika síns. Samstilltari veran fær þessar upplýsingar einnig og les fullkomlega úr þeim og sendir hinum skynnæma það sem fullkomna sjónskynjun fyrir tilstilli „lífendanna“ eða heimildarmætti þeirra.

Þess konar orku tel ég vera grundvöll að svonefndri hafningu (fyrirbæri það sem verður, þegar líkami manns svífur í lausu lofti). Orkan hefur þá sigrað aðdráttaraflíð. Sama má segja um efnun á einum stað og afefnun á öðrum stað; þá er orkan næstum fullkomin. Einnig kemur til greina, en það mun sjaldgæfara, að um algjöra afefnun sé að ræða hér á jörðu og myndast maðurinn þá einhvers staðar á annarri jörð, þar sem hann hefur myndað sitt orkusvæði með hjálp samstilltari vera. Sem betur fer eru slík fyrirbæri mjög sjaldgæf.

Þessi grein er skrifuð til að vekja eftirtekt á því að öll fyrirbæri, sem talin eru tilheyra andlegum heim, má telja víst að tilheyri efnisheiminum og með þess konar vísindalegum rannsóknum verður mögulegt að komast nær sannindum um framlífið en það sem vitað er í dag.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum:

Framhald hugsana Lamarcks og Brúnós

„Auðlegðin er ekki smá
og ekki smiðurinn gleyminn,
sem setur sérstætt andlit á,
alla er koma í heiminn“.

Þessa stöku Þingeyingsins Karls Kristjánssonar rakst ég á nýlega í vísnaafni litlu, sem ég áður hafði ekki séð, og lærði ég hana vegna þess, að þar er vikið að því furðulega, að í ríki lífsins skuli hver einn vera eitthvað frábrugðinn öllum öðrum. En hversvegna er það, að svo skuli endilega þurfa að vera?

Lengi hefir mér fundizt það liggja ljóst fyrir, að ættar-
eða tegundasaga hvers eins hljóti með einhverjum hætti að
hafa skráðst í erfðastofna þá, sem að honum stóðu, og hefi
ég útfrá þessu látið mér skiljast, að lífið hafi hér þróast
fram af sögu sinni, byggst upp af söfnun og geymslu ætt-
minninga, sem ég hefi nefnt þannig. Hefi ég útfrá þessu
gert mér það fullkomlega ljóst, sem einnig blasir við útfrá
hinni viðurkenndu erfðafræði séð, að ekki geti hér nema
einu sinni verið vaxið fram af fóstri og að um fortilveru
nökkurs jarðarbúa geti því aldrei verið að ræða. Ennfremur
hefi ég útfrá þessu sama látið mér skiljast það, sem ég veit
ekki til að skilið hafi verið áður, hversvegna það hefir æ
reynzt óhjákvæmilegt að gamlast og deyja héðan burt, og
gerði ég nokkra grein fyrir því í eftirmála „Tunglsgeisla“
minna fyrir meir en þrjátíu árum. Vonandi geri ég það þó
betur í bók, sem koma mun út á þessu ári, og einkum í
ritgerð þar, sem ég nefni „Hið dauðlega og hið ódauðlega
líf“. En hvort liggur það nú ekki ljóst fyrir í því, sem hér
hefir nú verið sagt, að þetta, sem vikið var að í stöku K. K.,
hljóti að stafa af því, að saga eins getur aldrei til fulls verið

saga nokkurs annars? Og liggur það þá ekki einnig ljóst fyrir, að ódauðleiki hinna dauðlegu jarðarbúa hljóti að leiða af því, að enginn þeirra geti fundið sér stað, nema í sjálfum sér?

Það hefir verið sagt á þá leið, að illindi og styrjaldir milli manna og þjóða svari til sótta í lifandi líkama, og verður sú tilsvörun þó skýrust, þar sem krabbameinssjúkdómurinn er. Er nú æ meir verið að nálgast þann skilning á þeim sjúkdómi, að þar sé í rauninni um fjandskaparfyrirbæri að ræða milli sjálfra líkamsfrumanna. Þykir mér í þessu sambandi mjög íhugunarvert það, sem ég nýlega hefi séð getið um, að drög til sjúkdóms þessa muni löngum hafa verið finnanleg í erfðastofnum, sem að sjúklingnum stóðu. Fer þá líkingin á undirrót krabbameinssjúkdóma að verða býsnamikil við undirrót fjandskaparins á milli manna. Því ef stundum leynast drög að krabbameinssjúkdómi í erfðastofnum, hlýtur það að stafa af því, að þar hafi einhver misskráning átt sér stað, eitthvert vik orðið frá hinu rétta. En slíkt er nú einmitt ástæða til að ætla, að jafnan hafi verið undirrót óvildar milli manna.

Óhjákvæmilegt virðist mér vera að ætla, að framkoma lífsins á jörðinni hafi verið viðleitni til aukinnar fullkomnunar þar, hafning til fegurðar og vits, sem á annan hátt gat ekki orðið. Hjá lifnuninni varð ekki komizt á þeirri leið. En til þess, að sú hafning mætti takast og verða sigursæl, varð hún að gerast á sem réttastan hátt. Engin minning um það, sem raunverulega mátti verða til ávinnings, mátti falla niður eða aflagast, því að annars hlaut framhaldið að verða sjúkt. Og hið sama gildir í viðskiptum manna og þjóða. Sannleikurinn eða sem réttastur skilningur á hverju einu þarf að vera þar sem mest ráðandi, og mun þar þó ekki vera þýðingarminstur skilningurinn á eðli heims og lífs, heimspekin. Réttur skilningur þar, myndi einmitt framar öllu öðru leiða til hins rétta hugarfars, góðvildarinnar á milli manna og þjóða. Og hvort verður þá ekki, þegar hugleiddir eru sumir atburðir þessarar aldar, ástæða til að ætla, að ekki hafi allskostar verið stefnt þaðan fram, sem hinir ágætustu vitkunar- og þekkingarfrömuðir liðinna alda höfðu bezt hugsað og skilið?

„Það sem þúsundir milljóna hafa haldið vera líf í anda-

heimi eða goðheimi, er lífið á öðrum hnöttum“. Þessi orð ásamt fleirum stefnandi til sömu áttar voru borin fram snemma á öldinni, sem er að líða. En þó að þau væru hið beinasta framhald af því, sem þá var bezt vitað í heimsfræði og öðru, þá var þeim ekki sinnt. Menn skildu ekki nema fáir, að hér gæti verið um að ræða upphaf meiri breytinga til batnaðar á högum mannkynsins en orðið hefðu um allar aldir áður. Og framhald atburðanna varð, eins og kunnugt er, hin vitfirrilegasta styrjöld, sem nokkru sinni hafði verið háð. En þrátt fyrir þetta, sem varð og hinar slæmu afleiðingar þess, er ég tregur til þess að gefa frá mér alla von um framgang framhalds hins réttasta, sem áður hefir verið borið fram. Þoka dulrænunnar annarsvegar og hinsvegar hin dauða innilokunarstefna vísindanna þurfa að víkja, en í stað þeirra að koma sannsækin stjörnufræði. Þekkingu á heimssambandi lífsins þurfa menn að öðlast og um leið raunveruleik his guðlega, því að til slíks var ætlast með lífsvíknuninni hér“.

Mbl. 16.8.1984

Myr:

Nokkur spekiord úr ljóðum Davíðs Stefánssonar

Stundum getur þyngsta þraut
þjóðum markað sigurbraut.

Geymir spor í mold og mjöll
minninganna stjörnuhöll.

Vopnadýnkur, falskri fremd,
fylgir alltaf réttlát hefnd.

Fólksins mesti ástareiddur
er að vernda landsins heiður.

Dr. Þór Jakobsson, veðurfræðingur:

Líf í alheimi

2. grein

Nú skal greint frá þykkri bók um líf í alheimi og kom sú út árið 1981. Gat ég hennar í 1. grein minni í Lífgeislum. Hún er um 480 blaðsíður í allstóru broti og heitir (á ensku) „Life in the Universe“. Útgefandi er MIT Press, Cambridge, Massachusetts í Bandaríkjunum, en MIT (Massachusetts Institute of Technology) er einn frægasti háskóli Bandaríkjanna. Í bókinni eru erindi, sem haldin voru á ráðstefnu um líf í alheimi. Bandaríska geimvísindastofnunin (NASA) hélt ráðstefnuna í Kaliforníu í júní 1979.

Þátttakendur í ráðstefnunni voru 25 vísindamenn frá bandarískum háskólum og rannsóknastofnunum og einn frá Kanada.

Í fyrstu grein minni sagði ég frá því að efni erindanna væri: 1) upphaf lífsins, 2) lífsskilyrði, 3) þróun æðra lífs í Vetrarbrautinni og 4) leit að tæknimenningu utan jarðar. En þetta fernt er meginefni fjögurra meginkafla bókarinnar. Á undan meginkaflum eru formálar og upphafs-erindi, en síðast hugleiðing eins þátttakenda að loknu þingi.

Formála rita forstöðumenn rannsóknastofnana hjá Bandarísku geimvísindastofnuninni. Þar er nefnt, að ný fræðigrein hafi farið að mótast er geimferðir hófust. Það eru fræðin um hugsanlegt líf í alheimi, „exobiology“. Bent er á, að trúlega sé líf víðar en hér á jörð.

Ýmislegt styður þá hugmynd. Stjarneðlisfræðilegar kenningar nútímans gera ráð fyrir því, að jarðhnettir séu algengir, frekar en einstakir, – undantekningar. Það er því líklegt, að slíkir hnettir skipti þúsundum milljóna í Vetrarbrautinni einni. Í hentugu umhverfi á vel staðsettri jörð má, samkvæmt kenningum um efnafræðilega þróun og upphaf lífsins, með vissu vænta þess að líf kvikni. Og haldist sæmilegt jafnvægi á yfirborði hnattarins nokkur þúsund milljón ár, mun lífið stundum þróast svo, að vitsmunaverur á borð við manninn koma fram á sjónarsviðið. Að

nokkrum tíma liðnum gæti tæknimenning risið. Ef til vill hafa slíkar viti bornar verur í ólíkum alheimshornum náð sambandi sín á milli, – með hætti sem okkur er framandlegur enn.

Þá segir í formálunum, að áhugi vísindamanna hafi eðlilega í fyrstu beinst að hugsanlegu lífi í okkar eigin sólkerfi. Það hefur verið gert með því að kanna eftir megni efna-samsetningu annarra hnatta í sólkerfinu og bera umhverfið þar saman við skilyrði á jörðu, fyrr á frumöldum hennar.

Vísindamenn hafa þó nýlega ekki látið þar við sitja heldur gerst svo djarfir að teygja vísindalega vitneskju út fyrir sólkerfið og huga að líklegu lífi annars staðar í Vetrarbrautinni, og í alheimi öllum. Þetta var viðfangsefni vísindamanna, sem stungu saman nefjum vestur í Bandaríkjunum í júní 1979.

Beint og óbeint.

Áðan var minnst á fjóra meginkafla bókarinnar, en viðfangsefni hinna þriggja fyrstu eru rannsökuð með óbeinum hætti, nánast fræðilegum einvörðungu þar sem stuðst er við þekkingu manna á lífinu á jörðinni. Menn leitast við að skilja og skýra upphaf lífsins og þær aðstæður sem fyrir hendi þurfa að vera til að fullnægja kröfum lífs. Þannig fíkra menn sig áleiðis til skilnings á þessari miklu gátu um líf í alheimi með því að grípa til allrar þeirrar þekkingar sem menn nú þegar hafa í jarðfræði, líffræði, stjarnfræði og mörgum öðrum greinum.

Auk þessara „óbeinu“ aðferða er skipuleg leit að ókunnum vitverum, sem kynnu að hafa útvarpað sendiboðum út í geiminn til fróðleiks öðrum á háu tæknistigi. Þessi skipulega leit er þekkt rannsóknarverkefni, sem kallast (á ensku) „Search for Extraterrestrial Intelligence“, skammstafað SETI.

Í lok formála bókarinnar „Life in the Universe“ er farið nokkrum orðum um mikilvægi þessara nýju fræða um líklegt líf um allan alheim. Fræðin eru ekki stunduð einungis fyrir forvitni sakir heldur eru þau að sumra dómi lykll að skilningi á manninum, okkur sjálfum.

Næst mun ég lýsa erindum, sem haldin voru á vísindapingum.

Þorsteinn Guðjónsson:

Íslenskt snilldarmál er afsprenghi guðamáls

Gest bar að garði hjá mér, útlendan, og spurði hann margs um Ísland og íslenzka heimspeki. Hann hafði komið hér áður, í fyrrahaust. Ég hef verið að hugsa um það, hvort hann kynni að vera efni í heimspeking, og víst er um það, að hann er sambandsnæmur og bókfróður. Tekur hann vel eftir skýringum mínum á sambandi hlutanna og gerði þó nokkuð úr þeim í samtalinu. En það var ekki þetta sem ég ætlaði að minnst á, heldur samtals hans við NN Reykvik-ing.

Góðir félagar mínir meta mikils starf NN við það að taka miðilsfundi upp á band og skrá efni þeirra og varðveita. Allir hljóta að meta virðingu hans fyrir íslenzkri tungu og vandvirkni hans í því sambandi. En sumir hafa verið efa-blandnari gagnvart nokkrum þeim skoðunum, sem hann á til að varpa fram. Dæmi: Hann hafði sagt þessum bandaríska gesti (í fyrra) þetta: „Abraham Lincoln kom í sambandið á miðilsfundi og sagðist vera staddur í Andromeduvetrarbrautinni og farinn að leggja stund á íslenzku!“ „Þetta þótti mér stórfurðulegur boðskapur og átti erfitt með að meðtaka hann“, sagði sá ameríski. En hann bætti því við, að það væri alltaf bragð að því að heyra það, sem nýstárlegt væri.

Hinn ameríski fór sína leið – hann er rithöfundur og meðal lesenda hans er einn, sem er e. t. v. öðrum fremur hugfanginn af skrifum hans – og þegar þeir hittust þar vestra, sagði hann þessum nýja vini sínum (sem hafði skrifað honum hingað til lands í fyrsta sinn), frá heimsókn sinni á íslenzkan miðilsfund – og frá því hvernig Abraham Lincoln kom í sambandið. Þá segir hinn honum það, sem hann hafði ekki haft minnsta grun um, að sjálfur væri hann að skrifa sögu um Abraham Lincoln og fór hans frá einum

hnetti til annars, til vaxandi fullkomnunar. – Út frá þessu samtali þessara Bandaríkjamanna sköpuðust nú nánari kynni en áður, og þeir urðu mestu mátar. Allt út frá Abraham Lincoln, sem er að læra íslenzku í annarri vetrarbraut!

Á hnetti forheimskunarinnar hljóma öll sannindi fáránlega í fyrstu, og veit ég ekki hvoru þeir bregðast verr við: að íslenzka er fullkomnari og fremri en önnur tungumál eða hinu, að framlífið er á öðrum hnöttum.

Er þá öll gagnrýni manna á NN úr lausu lofti gripin? Því er þar til að svara, að hin íslenzka heimspekikenning er svo alhliða, að hún kemur við á nær öllum sviðum mannlífs og hugsunar og veitir því ekki af liðsmönnum í hinum margvíslegustu greinum. NN er vel heima á sviði trúarbragðanna, bæði félagslega og kenningarlega, og enginn neitar því að slík þekking og reynsla er mikils virði. Framsetning NN er líka nokkuð mótuð af þessu. Hann setur á oddinn sérstök atriði sem mörgum koma á óvart, en gerir minna að því að rökstyðja þau atriði og byggja upp frá grunni. Hann hefur gaman af því að ganga fram af mönnum, og gerir það þó ekki eingöngu að gamni sínu.

Þegar hinn ameríski áhugamaður spurði mig, hvort ég væri sömu skoðunar og NN um íslenzka tungu, þá svaraði ég: Í grundvallaratriðum er ég það. Ég tel íslenzkuna hið fullkomnasta tungumál þeirra sem ég hef haft kynni af og næst upptökum hinnar guðlegu tungumálaframsóknar á öðrum hnöttum. Tengsl við þá framsókn hygg ég hafa komizt á nýtt stig á Norðurlöndum um 650–850, þegar norrænan sprettur upp svo að segja alsköpuð úr jarðvegi frumnorrænnar, – og náði síðan auknum þroska á Íslandi árin 900–1300. Frá þessu framsóknarskeiði manlegs anda er íslenzkan runnin, og hefur þó enn göfgazt á ýmsan hátt hjá alþýðu og snillingum æ síðan. En nú sýnist hvorttveggja vera horfið eða að hverfa, alþýða og snillingar, og málið að verða að dansk-ensk-afrískum óskapnaði. Einungis markviss, almenn viðleitni til sambands við ríki fullkomnunarinnar gæti bjargað þeim leifum íslenzkunnar og kynstofnsins, sem enn eru eftir.

Vesaldómur menningarlífsins birtist glögglega í því sem málfræðingur flutti okkur í þættinum um íslenzkt mál í gærkvöldi (13. 8.), en hann talaði eins og íslenzkan væri

hvorki betri né verri en önnur mál. Þetta var því ömurlegra á að hlýða sem maðurinn virtist greindur að upplagi og hneigður til að íhuga mál og málefni. En þeim hefur verið *kennt* að það stafi af einangrun og heimaalningshætti, ef menn láta sér detta í hug að eitt sé betra en annað. Þessi „málfræðilega afstæðishyggja“ er eitt það, sem mest ógagn hefur gert málinu á þessari öld, – og hætt er við að Guðbrandur Hólabiskup hefði komizt skammt á veg með sitt mikla verk, ef hann hefði ekki haft annað við að styðjast en þetta. En það er nú einmitt kjarninn í metnaði hans, að hann vill ekki „brákað mál né bögur þiggja“ af málum, sem þá voru afbökun orðin – og veit af *yfirburðum* íslenzkunnar.

Og svo eru nokkrir menn að tala eins og þjóðernið hafi verið fundið upp á 18. öld!!

Hætt er við að Guðbrandur Hólabiskup hefði komizt skammt á veg með Guðbrandsbiblíu sína, ef hann hefði ekki haft annað við að styðjast en hina „málfræðilegu afstæðishyggju“.

Mbl. 17.8.'84.

Myr:

Nokkur spekiord úr ljóðum Einars Benediktssonar

(Úr kvæðinu STÓRISANDUR)

Hver duftsins ögn er bygging heilla heima,
með himna segulmætti og stjarnareiki.

Allt líf á himni og mold, sem táknar tunga,
öll tíð, öll stjörnuveröld er vor skóli.

Vak, Íslands þjóð. Ver heyrð til himins sala,
frá hrjóstrum ríkra sanda og fríðra dala.

Ingvar Agnarsson:

Er fundin vísindaleg aðferð til könnunar lífs á stjörnunum?

I.

Eitt sinn var talið, að aldrei yrði unnt að kanna, hvaða efni væru í stjörnunum. Nú er vitað, að sömu frumefni eru í öllum stjörnum, eins og þau sem þekkjast hér á jörð. M. ö. o. vísindunum tókst að láta efnafræðina ná til stjarnanna. Þetta var eitt af mestu afrekum mannsandans. Nú er unnt að kanna stjörnur og vetrarbrautir viðgeimsins efnafræðilega og eðlisfræðilega, enda hafa þar orðið framfarir á síðari áratugum og árum meiri en nokkurn hefði áður getað órað fyrir.

II.

Ein er sú grein í sambandi við stjörnufræðina, sem lítt hefur verið sinnt til þessa, en það er stjörnulíffræðin. Meðal stjörnufræðinga stendur sú vísindagrein á ámóta byrjunarstigi og starnefnafræðin stóð fyrir hundruðum ára. Flestum mun enn þykja ótrúlegt að nokkur tíma verði unnt að kanna, hvort líf sé á öðrum stjörnum og enn ótrúlegra að nokkur tíma verði unnt að kynnast því lífi sem þar sé lifað eða hvers eðlis það sé. Fjarlægðir geimsins hafa verið mönnum þyrnir í augum. Menn hafa talið ljós- og rafgeisla mesta hraðboða, sem hægt sé að hugsa sér, en hann er þó árum saman að komast milli nálæggra sólhverfa innan vetrarbrautar okkar, og milljónir ára að komast milli nálæggra vetrarbrauta. Slík er stærð geimsins, slíkar eru þær fjarlægðir sem við er að glíma, og því ekki furða, þótt óárennilegt þyki að komast í kynni við líf annarra hnatta. Slík hugsun er flestum vísindamönnum enn svo fjarlæg, að þeir leiða slík umhugsunarefni að mestu hjá sér.

Mönnum mundi því þykja það ótrúlegra en flest annað, ef einhver fullyrti, og færði sönnur á að nú þegar væri fundin vísindaleg aðferð til slíkrar könnunar. Væri slík



Þótt þúsundir og milljónir ljósára aðskilji byggða hnetti geimsins, mun lífið samt sigrast á þeim fjarlægðum.

Myndin sýnir kululaga stjörnuþyrpinguna Omega í stjörnumerkinu Centaurus, en hún er sú bjartasta sinnar tegundar héðan frá jörðu að sjá.

kenning tekin alvarlega af vísindamönnum og í kjölfar þess gerðar tilraunir sem duga mættu til fullrar sönnunar og gagnsemdar, er alveg víst, að í ljós kæmi, að aldrei hefði merkari uppgötvun eða merkari rannsóknir gerðar verið.

III.

Nú vill svo til að kunnur íslenskur vísindamaður, dr. Helgi Pjeturss, taldi sig hafa gert þær uppgötvanir, sem að framan er minnst á.

Á einum stað í ritum sínum segir hann t. d. (Viðnýall bls. 23).

„Ég hef fundið vísindalega aðferð til að komast að raun um tilveru lífs á öðrum jarðstjörnum og rannsaka það, og er þar að vísu um ennþá þýðingarmeiri tíðindi að ræða en þegar efnafræðin var gerð að heimsvísindum á öldinni sem leið“.

Og á enn öðrum stað, ber hann fram eftirfarandi fullyrðingu (Viðnýall bls. 14):

„Mjer hefir auðnast að færa líffræðina út til stjarnanna, og láta hana ná eigi einungis yfir lífverur sem eru fyrir neðan mannkynið, heldur einnig yfir þær sem eru fyrir ofan það, og það svo mjög sumar, að munurinn er stórum meiri en á mönnum og öpum“.

Enginn skyldi ætla að dr. Helgi Pjeturss rökstyðji ekki þessar fullyrðingar sínar á fullkomlega vísindalegan hátt. Um það bera ritverk hans um þessi efni, vitni.

IV.

Flestir hafa heyrt Helga Pjeturss nefndan og allir íslenskir jarðfræðingar t. d. þekkja rannsóknir hans og upp-götvanir í jarðfræði, en þar lagði hann þá undirstöðu, sem aðrir jarðfræðingar hafa síðan byggt á.

Ætla mætti því, að rannsóknir hans og vísindalegar aðferðir við könnun lífs á öðrum stjörnum og samband við það líf, muni vera á álíka traustum grunni byggðar.

Vísindamenn (og aðrir) þyrftu að taka hér upp þráðinn og hefja vísindalegar rannsóknir á lífi og lífsamböndum, byggðar á þeirri undirstöðu, sem dr. Helgi Pjeturss taldi sig hafa lagt, og sem hann kynnti og skýrði í ritum sínum.

Mætti gera ráð fyrir að árangur slíkra rannsókna, gerðum á vísindalegan hátt með réttu vísindalegu hugarfari, yrði síst minni en varð, þegar efnafræðin var færð út til stjarnanna á sínum tíma.

Næsta stóra framfarasporið í sögu heimsins verður áreiðanlega þegar vísindunum tekst að færa líffræðina út til stjarnanna.

Það væri verðugt hlutverk Íslendinga, að leggja þar fram fyrsta skerfinn.

Ingvar Agnarsson.

293.M.9.8.84

Halldór Pjetursson:

Hvernig ég öðlaðist skilning á kenningum Nýals

Ingvar Agnarsson vék því einu sinni að mér, hvenær ég hefði orðið nýalssinni. Aldrei þessu vant skorti mig svar nema þá munnpúður sem mér er oft tamt. Það er oft nafnið eitt að ganga í félag. Eftir er spurning sú hvernig maður er búinn til, að sinna skyldum félagsins.

„Von er að stirðni helköld hönd, hálfníræðum manni“, kvað Hjálmar í Bólu.

Ungur las ég allt er náði af okkar fornu bókmenntum og margt þar höfðar til Nýals ef grannt er skoðað.

Einnig las ég snemma Gamlatestamentið og hafði gaman af og margt mun þar leynast sem Nýalssinum væri hollt að rýna í. Ég hefi alltaf haldið því fram að fólk á okkar stigi, beri fulla ábyrgð á breytni sinni, þó slíkt sé ekki alltaf einfalt mál. Oftast mun að okkur hvíslað hvað sé rétt og hvað rangt. Víða að eru fleiri með í leiknum og hvísla. Fyrirgefningarvellan held ég að sé að mestu háskaleg speki og hefur sjálfsagt velgt mörgum undir ugga við okkar uppgjör.

Svo er það blessuð englatrúin sem er færð mjög úti öfgar og enginn mun á stundinni engill verða. Aftur á móti munu vera til æðri stofnar mannkyns, sem undir þetta gætu heyrt. Blöndum ekki saman trú og trúgirnirni. Trú sem hefur sinn sess, hefur löngum verið sleipt hugtak og skal til hennar vandað.

Nýjatestamentið las ég ekki fyrr en eftir ferminu og ekki vandlega. Aftur fer vart hjá því að menn hrífist af kenningu Krists þó breytni fari ekki þar létt eftir. Kenning hans er sýnilega sett saman af mörgum þáttum og sumum æfagömlum. Og það er ekki síst frágangurinn og formið, sem heillar og gefur kenningunni sjálfstætt líf og fegurð.

Mér finnst ég alltaf þekkja það sem hann hefur sjálfur formað. Utan þess mun vera ýmislegt sem honum er eignað. Slíkt ber víða við og lítið um það að segja, höfði það ekki til skaða.

Kristur hefur verið fæddur formsnillingur og allt myndrænt frá hans hendi. Samt höfðar sumt til þess, að prestar neita því sem hans orði og ekki síst þar sem rætt er um auðsöfnun.

„Í dag skaltu verða með mér í Paradís“, er eitt af þeim orðum sem hann átti að hafa mælt á krossinum. Minn skilningur er sá að Paradís sé allt annað en það sem kallað hefur verið himnaríki á líkingamáli. Lítt mun um það vitað hvað ræningi þýddi í þann tíð. En að þessir menn hafi farið í sama stað, er fjarstæða. Paradís er hvíldarstaður sem þeim hefur verið búinn eftir hina miklu raun og fleiri munu þar hafa hvílst. Ég hefi áður minnst á orðið trú, sem ég skildi lítt í æsku og mun slíkt víða brenna við enn í dag. Vegna þessara þrætumála var ég talinn trúlaus sem er hérvilla, því allir hafa einskonar trú.

Það knúði alltaf á að kryfja og reyna að skilja það sem ég las og heyrði. Þetta gerir manni erfitt fyrir, en eftirsjá mín angrar lítt. Aftur á móti átti ég ekki eins erfitt með að játa, ef ég fann skekkjuna mín megin. Þetta er hollt og byggir menn upp. Þessi formáli höfðar til þess, að ég þurfti ekki að gleypa allt glóðvolgt.

Á einhvern hátt eignaðist ég eitt hefti af Nýal og sjálfsagt hefur þar eitthvað fest rætur í huga mínum. Allar mínar gömlu og góðu bækur hurfu mér annaðhvort í láni, bruna eða stuldi. En í raun getur ekkert þetta atriði tekið frá manni efni góðrar bókar. Ég var alltaf á ferli og undarlegt nokkuð var, að oft gægðist þetta hefti upp og enn getur það leynst í mínum skriftarskrinum.

Mín endastöð varð í Kópavogi, þangað lenti fjöldi fólks sem lifað hafði á lofti og hugdettum og vart unnið sér sveitfesti þótt aldrað væri að árum. Þar hittumst við Ingvar aftur eftir skyndikynningu frá Djúpuvík norðursins. Við heilsuðumst þar að sveitasið. Á Djúpuvík unnum við ekki saman en ég vissi að hann fékkst við að mála og las mikið.

Og ekki má það gleymast að Ingvar var þarna með Lífgeislahefti í töskunni og „bauð mér upp í dans“. Ég vék

Þessu frá mér því hugur minn var að komast á kjöl í lífinu, festa rætur í þessu frægasta nýbýli Íslands. Og það mun okkur öldruðu hjónum ekki úr minni mást, er við keyptum Nýal allan og gengum í Nýalssinnafélagið. Það skal framtekið að við erum engir trúleysingjar, en viljum hafa vísindin í öndvegi. Þegar ég las Nýal allan opnuðust margar viðáttur og naut ég þá góðs af hinum gömlu fræðum. Heimspeki dr. Helga Pjeturss hefur því markað eitt stærsta sporið í sögu mannsins og þroskaferillinn liggur svo ljóst fyrir að ekki verður um villst.

Þetta eru stór orð en munu standa fyrir sínu. Munið að þeir sem voru brenndir fyrir að líta sköpunarverkið rannsóknaraugum, máttu bíða 3 eða 4 hundrað á eftir sýknu sinni. Okkur er jafn nauðsynlegt að íhuga hvað við tekur að þessu lífi loknu eins og að afla okkur nauðsynja til mann-sæmandi hérvistar.

Ekkert er algilt að okkar mati og engan þarf að undra þótt eitthvað í Nýal þurfi nánari skýringu, enda ekki allt eigin orð dr. Helga. En það er undirstaðan sem hvorki mun bresta né brotna, heldur blífa og benda fram, áfram lengra, ofar hærra. Þar mun hinn ódauðlegi maður verja brúar-spordið með skapara sínum.

Myr:

Úr Dhammapada

Heimskinginn eldist eins og nautið, líkami hans vex en vit hans ekki.

Sannlega hverfa hinir harðbrjósta ekki til himnaríkis.

Sá sem aldrei hefur heimskingja fyrir augum, er ævinlega vel settur.

Ástin er móðir sorgarinar.

Gunnar Hjörvar:

Mælti Kristur íslensk orð?

Í ritgerð eftir Helga Pjeturss, er birtist í „Ingólfi“ 1914 og ber heitið: „Á annarri stjörnu“, stendur þetta:

„Forn-Grikkir voru að komast á þá leið (að fjar-skynja til annarra hnatta). Í mysteriunum („muster-unum“), vitranahátíðum í Eleusis, sáu þeir bústaði hinna sælu goða, og goðin sjálf, og í þessar vitranir sóttu þeir afl og traust og vizku. Að halda að um sjón-leiki hafi verið að ræða er fjarstæða, og þeir heyrðu í þessum vitrunum jafnvel íslensk orð, því að orðin **konx om pax** sem voru ekki grísk og enginn skildi voru: konungs sem bak es. Það sem hátíðamenn náðu að skynja af þessu óþekkta máli var aðeins nokkur hluti boðskapar eða spádóms um þann sem koma mundi, og er margt slíkra spádóma. Þess hefur verið getið til að orðin **konx om pax**, séu afbökun úr forn-indversku, sanskrít; en hitt virðist mun líklegra, þar eð þetta eru lítið breytt íslensk orð. Ef vér hugsum oss að íslenska (norræna, aríska, erska) sé af tungumálum þessarar jarðar líkust máli guðanna . . og það má telja mörg rök til þess að svo sé . . þá furðar oss ekkert á því þó að heyrst hafi í Eleusis íslensk orð, eða þeim lík“.

Nú eru lík orð höfð eftir Kristi og eru ekki þýdd beint í guðspjallinu. En þau eru: „**lama sabaktaní**“ (Mark. 15,34). Með samskonar rökum má telja þau íslensk og ættu þau þá að vera þannig: lama (lambið) sem að baki stendur (en ekki: því hefur þú yfirgefið mig eða snúið baki við mér).

Svipuð orð hafa heyrst enn í dag á miðilsfundi eða: „**Veran sem að baki stendur**“. Er þetta einnig í samræmi við það sem sagt er fyrir miðilsmunn, að á þeim hnöttum sem leitast við að bjarga þessum hnetti, sé „**safn tímanna**“ af norrænu fólki og að þar sé „**hið heilaga íslenska mál ríkjandi tungumál**“.

Himinninn talar íslensku. Það er því ekki úr vegi að gera ráð fyrir, að Kristur hafi mælt íslensk orð. Sama gildir um orðin „*effata*“ (Mark. 7,34) (opnist þú eða „*offnist*“ þú) og „*talíta kúmi*“ (Mark. 5,41) (Stúlka litla, ég segi þér, rístu upp eða hnáta *litla kom* þú), þetta eru íslensk orð, eða þeim lík.

Gunnar Hjörvar.

Athugasemdir:

Í þessari grein vitnar G.H. í „Á annarri stjörnu“ eftir H.P. Þar segir Helgi: „Ég held því fram að í íslenzku séu beinni brautir til rétttrar hugsunar en í *nokkru öðru máli*“. Ef menn hugleiða þá setningu nógu vel, munu þeir skilja, að það er vel að orði komizt að segja: „Guð talar íslenzku“, eða „Himinninn talar íslenzku“. Hvorttveggja er í námunda við mikinn sannleika.

Þ. G.

Myr:

Um ástina.

Í veislu, sem Sókrates sat, segir Faidros samkvæmt frásögn Platós: Ástin er elst, göfugust og máttugust guðanna. Hún er uppspretta alls þess, sem best er. Venjulegum mönnum gefur hún hugrekki til að lifa og deyja. Ungmenni gerir hún að hetjum, því að ástfanginn maður fyrirverður sig fyrir dáðlausa framgöngu í nærveru þess, sem hann elskar. Fáíð mér her af elskhugum, og ég skal sigra heiminn.

*Úr „Öld Sókratesar“,
eftir Gunnar Dal.*

Sólheima-óður*

Eftir Giordano Brúnó

F. 1548 – D. 17. febrúar 1600



*Hver hefur þennan léttu væng mér léðan,
lýst mína önd, svo geti ég farið héðan
hlæjandi að dauða og döprum nauðum jarðar,
dýflissu og kvölum, eftir þíslir harðar?*

* Nafn ljóðsins er mitt I. A.

*Tímarnir, árin, árstíðir og dagar,
allt líður hjá, og tímans tönn hún nagar
stál bæði og járn, en sál mín frjáls skal sveima
sólheima til og jarðlífinu gleyma.*

*Hef þú þá, önd mín, hugarvængi þína,
hræðast ei þarftu nokkurt kristallshvel;
veröldin opin æ mun við þér skína!*

*Fljúg þú þá burtu. Far þú, jarðlíf vel;
fýsnum og girndum skal hér öllum gleyma.
Upp, upp, mín sál til æðri, fegri heima!*

Ljóð þetta er fengið úr *Sögu mannsandans*, Vesturlönd, bls. 145 eftir prófessor Ágúst H. Bjarnason.

Það er eins og Brúnó hafi sjálfan órað fyrir ævilokum sínum. Því að mörgum árum áður en sá dómur var kveðinn upp, að hann skyldi brennast á báli, orti hann sjálfum sér erfíljóð það, sem hér er birt, í einni af hinum fögru klíðhendum sínum. Því mætti líta á kvæðið sem spásögn hans sjálfs um það sem átti eftir að koma fram við hann. Brúnó var ofurmenni að þoli, hugstyrk og skapstyrk.

D. G.

Draumar Þórarins Ólafssonar:

Þórarinn Ólafsson, kennari á Akranesi hefur sent *Lífgeislum* eftirtalda þrjá drauma, og farið þess á leit, að með þeim yrðu birtar einhverjar skýringar eða skýringartilraunir, er byggðar væru á skilningi dr. Helga Pjeturss á eðli svefns og drauma. Mun ég leitast við að verða við þeirri ósk, eftir bestu getu, í lok hvers draums um sig.

I. A.

Tekinn af lífi. – Draumur.

I.

Ég heyrði í útvarpi Gunnar skáld Gunnarsson flytja erindi um aftöku Jóns Arasonar og sona hans. Frásögnin var kyngimögnuð. Daginn eftir hitti ég Einar smið Helgason og barst frásögn Gunnar í tal, einnig frásagnir um aftökur manna í Sturlungu. Þar á meðal aftaka Þóris jökuls. Sama dag hringdi Hérdis móðursystir mín og tilkynnti mér að hún ætlaði að koma í heimsókn næsta dag.

Nóttina eftir dreymdi mig Hérdisi og móður mína. Sá draumur þokaði fljótt fyrir öðrum og tilþrifa meiri.

Hann hófst á því að ég var tekinn til fanga af tveimur stórum mönnum, dökkhærðum. Leiddu þeir mig að húsi, sem var ein hæð steipt og óhrjáleg. Þar var mér hrundið inn í smá klefa með járnrimlum fyrir glugga. Kom mér í hug að reyna hvort ég gæti losað eða sveigt rim í glugganum, og treysti á rimlana, sem ég hafði orku til, en sú tilraun var til einskis. Þá þóttist ég vita að ég yrði tekinn af lífi daginn eftir, og hálshöggvinn. Var ég fullur örvæntingar og fannst tíminn fljúga frá mér. Leið mér sem þeim einum mun líða er veit sig verða tekinn af lífi. Allt í einu var hurðinni hrundið upp og tveir menn gripu mig föstum tök-

um og ýttu mér á undan sér, frekar en leiddu, að köntuðum bjálkum, er þar lágu sitt á hvað. Var þá að grána fyrir degi. Kom þá í hug mér að fá þessu lokið sem fyrst. Var mér þrýst niður á einn bjálkann. Kraup ég við tréð, teygði fram höfuðið svo strekkti á hálsinum. Um leið og hakan slapp fram af bjálkabruninni tók kalt járníð af mér höfuðið. Fann ég þá snöggan sárauka og myrkur.

Nú varð mér undarlega við. Ég var ekki dauður og þó hálshöggvinn. Var eins og einhver tími væri umliðinn, og vitund mín sljó. Fór svo myrkrið að leysast upp og var fyrst sem ég væri í þoku og var ég öðru hvoru að þreifa til höfuðsins, sem ég ekki fann. Fór mér svo að birta fyrir augum. Sá ég skammt frá mér menn við vinnu. Fór ég þá að kalla, en enginn þeirra leit við mér. Gekk ég í áttina til þeirra og kallaði öðru hverju. Voru mennirnir að vinna við óvenjulega há borð. létu þeir olnbogana hvíla á borðunum og krossbundu smá böggla.

Tók ég í öxl eins mannsins og kallaði við eyra hans, en þá áttaði ég mig á því að ég var alls ekki til fyrir honum. Brá mér þá svo við þetta, að ég vaknaði.

*Þórarinn Ólafsson,
Akranesi.*

I.

Hér er um óhugnanlegan draum að ræða.

Augljóst virðist mér að draumgjafi Þórarins hafi verið tekinn af lífi, hálshöggvinn. Hann kemur svo fram í öðrum stað, trúlegast á öðrum hnetti. Og þegar hann rankar þar við sér, finnst honum sem einhver tími sé umliðinn, og mun slíkt oft gerast, einhver stund líður frá andláti þar til vaknað er til meðvitundar í framlífsstað.

Hann þreifar til höfuðsins, en finnur það ekki. Hér er merkileg reynsla, sem ég hef reyndar heyrt fleiri segja frá. Líklegt má telja að endurlíkömun eigi sér ekki ávallt stað á fullkominn hátt, undireins að flutningi loknum, en sá flutningur mun gerast á andartaki. Vera kann að líkamshlutar efnist ekki allir alveg samtímis, eða ekki alveg fullkomlega og áþreifanlega. Og af draumnum mætti e. t. v. draga þá ályktun, að efnun höfuðsins hafi hér orðið eitt-

hvað á eftir. Þó munu augun hafa þar orðið heldur á undan, enda gat hann séð.

Það að hann gat ekki gert vart við sig, gæti bent til þess, að um fjarsýn hafi verið þar að ræða.

Þetta eru fáeinar hugleiðingar mínar eða skýringartilraunir um framansagðan draum, og þó þannig, að ekki er víst að um réttan skilning sé að ræða frá minni hálfu.

I. A.

Draumur um þrjú stúlkubörn.

(Illur verknaður – og iðrun).

I.

Ég er staddur við fljót. Á fljótsbakkanum er urmull af fólki í smá hópum í kringum elda eða blys. Það er myrkt og hlýtt. Ég er með þrjú lítil stúlkubörn. Ég á þau sjálfur og er að koma þeim fyrir á flotdýnu, sem ég veit að drekkur í sig vatn á skömmum tíma. Ég þykist ætla að senda þær eitt-hvað, þær eru berfættar, hálfnaktar og í einskönar kjólum. Ég læt þær liggja á hnjánnum og sitja á hælunum og halda hver utan um aðra. Þær eru svo litlar og umkomulausar þar sem þær eru á dýnunni, sem ég ýti frá flötum sandbakkanum út í hægan strauminn, er ber þær út í myrkrið.

Ég ætla eitthvað upp með fljótinu, en fyllist örvæntingu yfir þeim verknaði, sem ég var að fremja og sný við til að bjarga börnunum þó ég viti að það er of seint. Ég hleyp niður með fljótinu alltaf lengra og lengra. Það tekur að birta og ég sé yfir fljótið, það er ekki breitt og það merlar á straumkvikuna. Þá mæti ég manni og fell um háls honum í ofsagráti.

Við það vakna ég. Áhrifin af draumnum eru svo sterk að ég græt og græt og ég kemst ekki í ró fyrr en eftir langan tíma, og draumurinn víkur ekki úr huga mér allan daginn.

(Dreymt undir morgun 5. nóv. 1974).

Þórarinn Ólafsson,
Akranesi.

II.

Í þessum draumi virðist ekki vera um neinar rangþýðingar að ræða. Hér er dreymandanum allt framandi: Landslagið, stúlkubörnin þrjú, og draumgjafinn sjálfur, gerandi atburða draumsins. Þarna hefur orðið um mjög sterkt samband að ræða milli draumgjafans og draumþegans, sem á stund þessa sambands eins og tekur að fullu þátt í atburðum, verður sem sjálfur sá er atburðina lifir.

Þessvegna verða þessi draumáhrif, sambandsáhrif, svo sterk, að þau vara í langan tíma eftir að vaknað er, enda hér um geigvænlegan atburð að ræða.

I. A.

Draumur um göngu eftir götum.

(Ýmsar rangþýðingar).

Ég er að koma af samkomu ásamt fleira fólki, en veit ekki hverskonar samkoma það var. Fólkið streymir í eina átt, norður Bárugötu á Akranesi og sveigir inn á Vesturgötu. Ég strýkst við ljósastaur og lít niður til að bursta af mér ryk. Ég er í gráum rykfrakka og brúnum skóm. Á fótum mínum og frakka sé ég að ég er miklu stærri maður en ég á að vera. Ég strunsa upp götuna, fullur af einskönar hofmóði og horfi yfir fólkið.

En nú skiptir um svið fyrir mér. Ég er á sömu slóðum og áður, en geng götuna niðureftir og það er kvöld. Ég tek eftir því að það kviknar á perunum á ljósastaurunum, sem standa á vegbrúninni. Ég set af mér pokann og lít ofan í hann, það eru í honum tómar öflöskur. Ég lít í kringum mig hvort nokkur sjái til mín, það er eins og ég sé með minnimáttarkennd. Ég sný uppá pokaopið og sveifla pokanum yfir öxlina.

Þá geng ég þvert yfir götuna og upp stíg sem liggur upp á Háteiginn. Þar er ég síðast kominn í draumnum, upp á fjórðu hæð í risíbúð, þar á ég heima.

(Á Háteignum eru engin slík hús).

*Þórarinn Ólafsson,
Akranesi.*

III.

Rangþýðingadraumar eru mjög algengir, og þarf nokkra athugun til að greina á milli, hvað er manni kunnugt úr vöku í raun og veru og hvað ókunnugt með öllu.

Í þessum draumi finnst draumþeganum hann þekkja og kannast við með nöfnum ýmis kennileiti á Akranesi: götur, hús o. fl. en er hann rifjar drauminn upp, gerir hann sér ljóst að allt er honum þetta ókunnugt.

Mér sýnist að samband hafi orðið við tvo draumgjafa: Fyrst er þar stór maður, sem lætur mikið yfir sér. En síðan verður sambandið við einhvern með minnimáttarkennd.

Báðir eru þeir ólíkir draumþeganum, Þórarni Ólafssyni, hvor á sinn hátt.

Draumur á aldrei við þann sem dreymir, heldur þann sem draumurinn stafar frá, þann sem sambandið verður við, einmitt á þeirri stundu, sem draumurinn stendur yfir.

Það er misskilningur að hinn raunverulegi draumur spegli eigið líf dreymandans. Það eru aðeins rangþýðingarnar, sem lita drauminn þannig, og þarna er nauðsynlegt að greina á milli ef vit á að fást í drauma og draumaskilning.

I. A.

MYR

Úr ljóðum Jóns Þorkelssonar, forna ·

Enginn gera aptur má
ógerð framin verk.

Hispurslausa háttþrýðin,
hnitúð mátulega,
fegurst ætíð er.

Ósköp standa ekki alla daga,
öllu er settur skamturinn.

Nær mun æðra afl
ganga svo frá gjörðunum
að geiglaust verði tafl.

Sambandstal í einrúmi

Snorri Sturluson, sæll.

Mjög þykir mér ánægjulegt að ná nú sambandi við þig og segja vil ég við þig nokkur orð. Hef ég verið undanfarið í miklum hugleiðingum um þetta ykkar málefni og hvernig ég gæti veitt ykkur lið nokkurt.

Íslenskar hugsjónir hafa stórlega mikla þýðingu á jörð ykkar.

Þær eru þess eðlis að meira er um þær vert en ýmsum virðist vera ljóst ennþá. Nú, og ekki teldi ég alveg með öllu óhugsandi að við þessir íslensku vinir ykkar og fleiri gæt-um lagt ykkur lið nokkurt.

Þarf nú mjög við, vísindalegs skilnings á sambandseðli lífsins, og möguleikum þar til fullkomunar.

Það er ekkert að efa, að það eru mjög mörg mannkyn á öðrum jörðum í ykkar vetrarbraut og sum mjög öflug, og mjög áriðandi að þau geti haft sem mest samband við ykkar jörð. Torvelt er þetta nokkuð að tala skýrt og rétt við þig að þessu sinni.

Sú ráðandi stefna, helstefnan, er erfið viðureignar, en samt mun hún verða sigruð. Þá yrðu betri skilyrði til að koma vitneskju og hugsun til jarðar ykkar. Alla leið yfir geimdjúpið eru möguleikar á að heimsækja jörð ykkar ef viðtökur eru nægjanlega góðar.

Augljóslega þarf að bæta mjög viðtökur og þarf að auka hugsun og þekkingu á hinu furðulega sambandi lífsins í alheimi. Sofanda- og þokuhugsun er í vegi fyrir því, að koma megi til jarðar ykkar vitneskjunnar og kraftinum að fullu.

Þar munu hjálpa ykkur ýmsir á mínum hnetti og ég er mjög að vona að hægt verði að heimsækja jörð ykkar og það sem fyrst.

Helgi Pjeturss þyrfti að geta komið í heimsókn til Íslands og ýmsir íslenskir menn og fleiri. Eiga þeir, Íslendingar, að beita greind sinni gagnvart H. P. og þeim merkilegu sannindum er hann var að halda fram. Má því treysta sem H. P. sagði um líf í alheimi og samband stjarna milli.

Traust skyldu Íslendingar sýna H. P. og hugsun þeirri er hann hugsaði. Er það eigi sæmandi hve lengi hefur verið staðið gegn Helga. Munu varla merkilegri hugsanir íslenskar hafa hugsaðar verið nokkru sinni. Þurfa síst Íslendingar að lítilsvirða sinn höfuðsnilling. Síðar myndu ýmsir vilja hafa virt hann meir, þegar hugsun hans verður virt meir. Þeir eru lengi mennirnir að vitkast og að uppgötva það sem best er hugsað. Má því treysta að íslensk hugsun, vísindaleg, sé merkilegri en mörg önnur, sem vísindi kallast en þó væri rétt að nefna öðru nafni, sannvísindaleg íslensk hugsun er þar miklu fremri. Þó engum þyki vert að nefna þessi vísindi nafni, þá hafa íslenskar hugsanir höfuðþýðingu.

Ovísindalegur hugarburður og mjög heimskulegur virðist talin þekking, en vísindaleg hugsun, íslensk, geðbilun. Traust veitt því sem síst skyldi. Mun slíkt eflaust ekki verða til að greiða fyrir framförum hugsunar íslenskrar. Þröngsýni og hugsunarþoka sem þar er undirrót, getur skaðað mjög íslenska menntamenn og hugsun þeirra. Furðuleg skammsýni þeirra og furðulegur sljóleiki er mjög hættulegur.

Furðuleg skammsýni þeirra vísindamanna íslenskra, sem eigi vilja láta sér skiljast hið þýðingarmikla afrek sem H. P. hefur unnið með uppgötvunum sínum á eðli svefnis og drauma er stórskadleg.

Tel ég vera íslenskum vísindamönnum skyldara að beita greind sinni og skilningi, heldur en gera lítið úr sannri hugsun.

Mun það auka styrk íslenskra vísindamanna margfallega að þiggja þessar uppgötvanir H. P. Það eru slíkar uppgötvanir sem eigi er hægt að lítilsverða án þess að skaða rétta menntun. Sönn mentun vísindamanna hvers lands er mjög þörf og nauðsynleg. Að vísindin séu í hverju landi á hverjum tíma slík, að fjöldinn verði víðsýnni og vitrari. Sigur vísindalegrar hugsunar þýðir í landi hverju,

að lífið kemst yfir allar hindranir sem annars yrðu ósigrandi.

Munurinn, þegar lífið er fullkomlega vandanum vaxið í hvert sinn, er ólýsanlega mikill.

Slíkt mannlíf, sem sigrast á öllum örðugleikum sem á vegi þess verða, er það sem tekur við þegar rétt hugsun er orðin mönnum leiðarstjarna. Maðurinn, í vanda staddur á slíkum stjörnum sem þessari, er eigi nægilega vísindalega hugsandi enn. Það er á þessum hnöttum sem lífið er illa þroskað og lítið um samhug og viðleitni til aukins sambands. Hugsun slíks mannkyns til stjarnanna lítil og eigi vitað um eðli lífsins.

Nóg er á slíkum hnöttum um hugmyndir um aðra heima, en án skilnings og þekkingar. Sönn vísindi um eðli lífsins er þar ekki til og rangur skilningur því ríkjandi og vanþekking á lífinu.

Ég held ég láti þetta nú nægja að sinni og þakka vinur, vertu sæll.

Sveinn Haraldsson.

(Ritaði jafnóðum hverja setningu).

Fyrir miðilsmunn

Óþekktur maður.

Nú hefir, þrátt fyrir allt, hið ótrúlega gerst, að tekist hefur að stuðla að því, að sannleikurinn hefur náð fram.

Ég hefi nú verið all stirðmæltur og ekki vert að þreyta ykkur með þessu tali lengur.

Ég þakka nú fyrir.

Verið sælir.

15.11.1982.

Gunnar Hjörvar.

(Ritaði eftir segulbandsupptöku).

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Bjöllubokan fagra (Sjá forsíðumynd). I. A.	Bls.	38
Blikið. Þorbjörn Ásgeirsson.	–	39
Framhald hugsana Lamarcks og Brúnós. Þ. J.	–	46
Líf í alheimi. – Jarðarskin. 2. grein. Dr. Þór Jakobsson.	–	49
Íslenzkt snilldarmál er afsprengi guðamáls. Þorsteinn Guðjónsson.	–	51
Er fundin vísindaleg aðferð til könnunar lífs á stjörnunum? (Með mynd). I. A.	–	54
Hvernig ég öðlaðist skilning á kenningum Nýals. Halldór Pjetursson.	–	57
Mælti Kristur íslensk orð? Gunnar Hjörvar.		

LJÓÐ:

Sólheima-óður. – Giordano Brúnó (m. mynd).	–	62
--	---	----

DRAUMAR:

Draumar Þórarins Ólafssonar	–	64
Tekinn af lífi. – Draumur. – Draumur um göngu eftir götum. – Draumur um þrjú stúlkubörn.		

SAMBANDSFUNDIR:

Sambandstal í einrúmi. Sveinn Haraldsson. . .	–	69
Snorri Sturluson.		
Fyrir miðilsmunn. Gunnar Hjörvar ritaði. . .	–	71

MYR:

Nokkur spekiörð úr ljóðum Davíðs Stefáns- sonar.	–	48
Spekiörð úr ljóðum Einars Benediktssonar .	–	53
Úr Dhammapada	–	59
Sókrates talar um ástina	–	61
Úr ljóðum Jóns Þorkelssonar, forna	–	68